

Nefndasvið Alþingis
Berist umhverfisnefnd
Austurstræti 8 - 10

Tilvísun vor: 98.11
Dags.: 15.02.2007

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um Vatnajökulshjóðgarð, 395. mál, heildarlög.**

Landsvirkjun hefur borist bréf umhverfisnefndar, dags. 1. febrúar 2007, þar sem óskað er umsagnar fyrirtækisins um ofangreint frumvarp. Athugasemdir Landsvirkjunar fara hér á eftir:

Landsvirkjun styður þau markmið verndunar sem fram koma í 2. grein frumvarpsins. Þó er bent á að eins og víðar á miðhálandi Íslands hefur á væntanlegu þjóðgarðssvæði átt sér stað mikil gróðureyðing og jarðvegsrof í gegnum tíðina og hefur sú þróun ekki enn verið stöðvuð. Landsvirkjun telur því ástæðu til að breyta orðalagi 2. greinar og víðar í frumvarpinu þar sem einungis er gert ráð fyrir að vernda landgæði svo sem landslag, lífríki o.fl. á þann veg að einnig verði gert ráð fyrir að endurheimta landgæði sem glatast hafa.

Þar sem getið er í frumvarpinu um hagsmunaaðila eða þá sem eiga lögvarða hagsmuni sbr. t.d. í 6, 10, 12. og 19. grein frumvarpsins telur Landsvirkjun brýnt að ekki leiki vafi á að orkufyrirtæki og aðrir hliðstæðir aðilar verði taldir falla þar undir. Óskað er eftir að tekinn verði af allur vafi í því efni.

Þá bendir Landsvirkjun á ákvæði í 18. grein frumvarpsins þar sem þjóðgarðsverði er heimilað að loka þjóðgarðinum eða einstökum svæðum hans að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Landsvirkjun telur að þarna sé gengið óhæfilega langt enda eigi slíkar ákvarðandi undir yfirvöld löggæslu og almannavarna.

Ekki verður séð að mörk Vatnajökulshjóðgarðs séu tilgreind í frumvarpinu og telur Landsvirkjun nauðsynlegt að það verði gert.

Með vísan til ofangreindra athugasemda styður Landsvirkjun frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllst

Örlygur Þórðarson
Örlygur Þórðarson
yfirmaður lögfræðimála